

talin málflytningu til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiddist af almannafé.

Nr. 20/1902:

Híð opinbera
gegn
Halldóri Lárussyni.

D ó m u r:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkur kaupstaðar, uppkveðnum 24. maí þ. á., var hinn kærði, Halldór Lárússon hraðritari, dæmdur fyrir brot á 43. gr. í lögreglusalátt Reykjavíkur 15. nóv. 1890 til að greiða 5 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og allan kostnað af málinu, en dómi þessum hefir verið áfrýjað eftir ósk hins kærða.

Hinum kærða, Halldóri Lárussyni, er gefið það að sök, er hér segir: Að kvöldi hins 10. maím. þ. á. kom hann inn á veitingahúsið »hótel Ísland« hér í bænum, og sagðist hann þá vera að skygnast eftir manni, en með því að veitingamaðurinn hafði lagt svo fyrir, að kærði mætti eigi vera inni í veitingastofunni, fyrir sakir, er hann þóttist hafa á hendur honum, gekk veitingaþjónninn Davíð Guðmundsson þegar til kærða og skipaði honum að fara út; kærði gegndi því ekki, og stjakaði veitingaþjónninn þá við honum, eða ýtti með hendinni á brjóst honum, til þess að hrinda honum út, en þá lagði eða sló kærði hendinni

framan í veitingaþjóninn, og virðist höndin hafa komið á munn Davíðs, og hafi sprungið fyrir og blætt úr munninum á eftir. Það verður að álíta, að veitingaþjónninn hafi haft heimild til þess í umboði húsbónda síns, að banna kærða að vera í veitingastofunni og að vísa honum út úr henni, og að hann hafi mátt beita valdi til þess. Á hinn bóginn var kærða óheimilt að sýna þá mótstöðu, er hann gjörði, og hefir hann með atferli sínu og árás á veitingaþjóninn brotið gegn áðurnefndri grein lögreglusamþyktarinnar, eins og undirdómurinn hefir álitíð. Með því sektarákvæði dóms þessa og málskostnaðarákvæði samþykkjast, ber þannig að staðfesta hann. Hinn kærði verður og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lög-mæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera órask-aður. Hinn kærði Halldór Lárusson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun 10 kr. til hins skipaða sækjanda við yfirdóminn, málfærslumanns Einars Benediktssonar.

Ídæmda sekt ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.